



Dagsetning: 11.08.2017  
Málsnúmer: 1708036/13.0

Á vef Fjarðabyggðar 14/08 2017

## Risahvönn hvað er það?

Síðustu misseri hefur umræða um risahvönn verið áberandi. En hvað er þetta fyrir jurt, hvernig þekkjum við hana og aðskiljum frá öðrum sambærilegum tegundum?

Risahvönn, líka nefnd tröllahvönn, er samnefni yfir þrjár tegundir risa-/tröllvaxinna jurta af sveipijurtaætt. Safi þessara jurta innihalda eitrefni (m.a. fúranókúmarín) sem valda ofnæmisviðbrögðum fari safi á húð og þá sérstaklega í sólskini. Jurtin þrjár sem í daglegu tali eru nefndar risa-/tröllahvannir eru Bjarnakló, Tröllakló og Húnakló. Þær eru allar skilgreindar sem ágengar tegundir í íslensku vistkerfi. Jurtirnar voru fluttar inn um aldamótin 1900 sem skrautjurt í garða. Til eru erlendar heimildir um að fræ risahvanna séu nýtt sem krydd.

### **Bjarnakló (*Heracleum mantegazzianum*):**




Bjarnakló verður að jafnaði um 2-3m á hæð, til heimildir um allt að 7m háa plöntur. Bjarnakló líkist Ætihvönn í útliti nema hvað Bjarnaklóin er öll mikið stórvaxnari. Stöngull urtarinnar hefur fjólubláa til dökkrauða flekki og er alsettur glærum hárum, stífum neðst en mjúk efst. Blöðin eru þrífingruð, gróftennit með fjólublátt slíður. Blómaldinn eru öfugegglega með fjórum dökkum rákum sem breikka neðst. Fræ jurtarinnar eru hvít. Lyktin af jurtinni er fremur beisk.

Bjarnakló þekktist helst af eftirfarandi atriðum: Risavöxtur, stakstæður og flekkóttur stöngull og af jurtinni leggur fremur beisk lykt.



**Tröllakló (*Heracleum persicum*):**



Tröllakló er líkt og Bjarnaklóin afar stórvaxin jurt að jafnaði um 1,8-2,8 metrar á hæð og því ögn smærri en Bjarnaklóin. Tröllaklóin er oftast með fleiri en einn holan stöngul (en Bjarnaklóin oftast bara með einn) sem er fjólublár neðst litur deyfist eftir því sem ofar dregur á stönglinum. Stöngullinn er alsettur glærum hárum. Blöðin eru á blaðröndunum þakin ávölum litlum sagtönnum einnig sem neðra borð blaðanna er þakið stuttum hárum. Blómaldin eru aflöng með fjórum dökkum breiðum rákum. Fræ Tröllaklóar eru hvít. Lyktin af jurtinni minnir helst á anís (lakkríslykt). Tröllakló getur haft breytilegt útlit og því getur það reynst afar erfitt að greina hana frá t.d. Bjarnakló. Safi úr Tröllakló er líkt og úr Bjarnakló eitraður og við snertingu á húð getur hann valdið bruna, þá sérstaklega í sólarljósi.

Tröllakló þekkist helst á eftirfarandi atriðum: Risavöxtur, nokkrir holir stönglar sem eru fjólubláir neðst og af jurtinni leggur lykt líkt og af anís (lakkrís).



**Húnakló (*Heracleum sphondylium*):**



Húnakló er afar lík fyrrgreindum jurtum og líka ætihvönninni, það sem skilur á milli er smæð jurtarinnar en hún er bæði á hæð og í umfangi minni en Bjarnakló og Tröllakló. Húnakló getur þó náð allt að 3m hæð við allra bestu skilyrði. Jurtin hefur fundist í Reykjavík en undirrituð veit ekki til þess að Húnakló hafi verið greind í Fjarðabyggð. Safinn úr Húnakló er eitruður líkt og safi úr Bjarnakló og Tröllakló.

Jurtin aðgreinist einna helst af smæð sinni og fínleika samanborið við hinar tvær jurtirnar, Bjarnakló og Tröllakló.

**Ætihvönn (*Angelica archangelica* eða *Archangelica officinalis*):**

Í umræðu og útskýringum tengdum risahvönnum er óhjákvæmilegt að taka með stutta lýsingu um Ætihvönn. Ætihvönn sem á líka heitið erkihvönn eða erkiengilsjurt er þekkt matar- og lækningajurt hér á landi, allt frá tímum landnáms. Jurtin var til að mynda í svo miklum metum á meðal landnámsmanna að þess er getið í Grágás að steli menn Ætihvönn úr annarra manna görðum skuli þeir sæta refsingu á borð við útleigð eða sektum. Bragð Ætihvannar þykir fremur beikst og getur undirrituð staðfest að svo sé. Til lækninga hefur hún marga kosti til að mynda er hún sögð blóðaukandi, bæti meltingu og s.frv.

Latneska nafn Ætihvannarinnar Angelica er dregið af engli er birtist munki einum á 17. öld. Engillinn bar munki þessum þau tíðindi að jurtina mætti nýta í baráttunni gegn drepsóttum sem herjuðu á Evrópu um 1665. Síðari rannsóknir hafa sýnt að í Ætihvönn eru m.a. sýkladrepani efni og efni sem etv. hafa áhrif gegn krabbameinum.

Ætihvönn er hægt að aðgreina frá risahvönnum á eftirfarandi atriðum: Stöngull

Ætihvannarinnar er ekki eins breiður og risahvannanna og að auki hárlaus og gáróttur. Stöngull greinist ofan til. Blöðin eru umfangsmikil, þríhyrnd og fjöðruð. Smáblöðin eru hárlaus. Blaðslíðrin eru mjög breið og útblásin og þau umlykja allan sveipinn á meðan hann er að þroskast. Blómin eru grænhvít.

**Annað**

Safi Ætihvannarinnar getur líkt og risahvannanna valdið bruna og þá sérstaklega komist hann í snertingu við húð í sólarljósi.



Í kringum allar fyrrgreindar jurtir, Ætíhvönn sem hinar risahvannirnar, ber að fara varlega og halda börnum frá þeim sem kostur er. Komist safi á húð ber að þvo hann af með sápu og halda svæðinu frá sólarljósi í nokkra daga á eftir.

Undirrituð biðlar til íbúa Fjarðabyggðar að láta vita ef þeir hafa grun um risahvönn í nágrenni sínu. Á komandi hausti verða allir staðfestir fundarstaðir skráðir og þeir birtir á vef sveitarfélagsins. Aðgerðum gegn þessum ágengum tegundum verða unnar í samvinnu við íbúa og eigendur þeirra svæða sem jurtirnar er að finna.

Heimildir:

Vísindavefur Háskóla Íslands [www.visindavefur.is](http://www.visindavefur.is)  
Náttúrustofa Vesturlands [www.nsv.is](http://www.nsv.is)  
Flóra Íslands [www.floraislands.is](http://www.floraislands.is)

Anna Berg Samúelsdóttir  
Umhverfisstjóri